

M-2/2017. Álit 19. maí 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-2/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. janúar 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefndur gagnaðili. Krefst álitsbeiðandi þess að gagnaðili veiti álitsbeiðanda og öðrum eigendum bíla sem fluttir hafa verið inn sjálfstætt eða af þriðja aðila sömu ábyrgð og þeir veita bílum sem gagnaðili flytur sjálfur inn.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Krafa álitsbeiðanda snýr að ábyrgð gagnaðila á bifreið sem gagnaðili seldi ekki. Er því ekki um að ræða ágreining í tengslum við kaup álitsbeiðanda á vörum eða þjónustu. Fellur ágreiningur aðila því hvorki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu frá janúar og fram í apríl 2017 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður